

6. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: Tillagan skal einnig auglýst í Lögbertingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. 2. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning, sbr. þó 12. gr. a.
- b. 6. tölul. orðast svo: Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul. og 12. gr. a.

8. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögumum bætist nýtt ákvæði sem orðast svo:

Í fyrsta skipti skal samvinnunefnd miðhálandis skipuð, sbr. 2. mgr. 12. gr. a laganna, þegar eftir gildistöku laga þessara fram til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

LÖG**um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórn, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða, sé eftirlitið á vegum sveitarfélaga. Leita skal umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Hvert eftirlitssvæði skal hafa sameiginlega gjaldskrá og skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Heimilt er utanríkisráðherra að setja gjaldskrá og innheimta gjald á varnarsvæðum. Umhverfisráðherra skal gefa út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga.

3. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög geta sett sér eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert um einstök atriði ítarlegri kröfur en fram koma í þeim, enda falli þau undir lögin. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds,
2. meðferð úrgangs og skolps,
3. gjaldtöku fyrir leyfi, leigu eða veitta þjónustu,
4. ábyrgðartryggingar.

Heilbrigðisnefnd semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn sem afgreiðir þau í formi samþykktar til ráðherra. Sé um að ræða nýmæli í samþykktum sveitarfélaga skal ráðherra leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins áður en hann staðfestir samþykktina.

Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

Samþykktir samkvæmt þessari grein skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Heimilt er sveitarfélögum að setja gjaldskrá um innheimtu gjalda skv. 1. mgr. að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi, leiga eða þjónusta er tengd notkun fasteignar. Sveitarfélag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.